

Ferðapjónusta fatlaðra hefur það að markmiði að gera þeim sem ekki geta nýtt almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómtunda. Sérútbúnir bílar eru notaðir í ferðapjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjólastóla. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um ferðapjónustu fatlaðra, sjá [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

## Hverjir eiga rétt?

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991 með síðari breytingum eiga þeir rétt á ferðapjónustu sem geta ekki notað almenningsvagna vegna fötlunar. Lögblindir geta sótt um að ferðast með leigubílum skv. samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

## Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega eða á rafrænu formi til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, Fannborg 6 eða á heimasíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðilum þar sem staðfest er fötlun og skortur á getu viðkomandi til að ferðast með almenningsvögnum. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður fyrir umsókn, svo og óskir um fjölda ferða.

## Hve mikla ferðapjónustu er hægt að fá?

Heildarfjöldi ferða er að hámarki 68 ferðir á mánuði. Ferðir eru ætlaðar til og frá vinnu, skóla og hæfingu. Fjöldi ferða til annarra erindagjörða er takmarkaður við 24 ferðir á mánuði. Umsóknir eru teknar fyrir á deildarfundum þjónustudeildar fatlaðra að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist. Endurnýja þarf umsókn um hver áramót.

## Hvernig er greitt fyrir ferðapjónustu?

Gjaldskrá fyrir ferðapjónustu tekur mið af gjaldskrá strætó. Gjald fyrir almenna ferðapjónustu miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó. Gjaldskrá með leigubíl miðast við fullt fargjald. Ef kostnaður á ferð með leigubíl fer umfram 6.595 kr. er gjaldið eftirfarandi:

Kostnaður ferðar frá 6.595 – 8.599\* kr., kostnaður notenda kr. 920\*  
Kostnaður ferðar frá 8.596 – 10.600\* kr., kostnaður notenda kr. 1.410\*  
*Verð eru sett fram með fyrirvara um breytingar í gjaldskrá*

Gjaldið er innheimt í heimabanka um hver mánaðarmót.

## Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Akstursaðilar hafa umsjón með daglegri framkvæmd þjónustunnar. Notendum er bent á að snúa sér til akstursaðila eða ráðgjafa í þjónustu- og ráðgjafadeild fatlaðs fólks til að fá upplýsingar um mál sem tengjast ferðapjónustunni eða til að koma á framfæri ábendingum og/eða kvörtunum.

Ráðgjafi:

Ásta Þórarinsdóttir: [astath@kopavogur.is](mailto:astath@kopavogur.is)

Guðlaug Ósk Gísladóttir er yfirmaður þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra: [gudlaugo@kopavogur.is](mailto:gudlaugo@kopavogur.is)

**Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla daga.**

**Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í þjónustuveri Kópavogsbæjar, og ráðgjafi mun hafa samband.**